

REGLUGERÐ

um meðferð, frágang, geymslu og flutning á unnum ferskum fiski.

1. gr.

Sé fiskur hausaður, flattur, flakaður eða unninn á annan hátt og ætlaður ferskur til sölu eða verkunar sem ekki er í beinu framhaldi af fyrri vinnslu, skal þess gætt að hann sé vel ísaður eða kældur á annan viðurkenndan hátt frá því hann er veiddur og þar til hann er kominn í hendur kaupanda eða viðtakanda. Þannig unninn fiskur verður að komast í hendur kaupanda eða viðtakanda á vinnslu- eða dreifingarstað eigi síðar en 7 dögum frá því að fiskurinn var veiddur.

Aðeins er heimilt að flytja ferskan unninn fisk í umbúðum sem verja hann mengun og tryggja að fyllstu hollustuhátta sé gætt. Við frágang og meðferð skal gæta viðurkenndra vinnubragða.

2. gr.

Ríkismat sjávarafurða hefur eftirlit með vinnslu og meðferð á ferskum unnum fiski og skal tilkynna skrifstofu stofnunarinnar um útflutning með hæfilegum fyrirvara. Í tilkynningunni skal m.a. koma fram hvaða dag fiskurinn var veiddur, hvar hann sé unninn og hvernig honum verði komið til kaupanda eða viðtakanda innan settra tímamarka, sbr. 1. gr. Ríkismat sjávarafurða gefur út útflutningsvottorð fyrir fiskinn m.a. á grundvelli mats á því hvort hann nái til viðtakanda eða kaupanda innan ofangreindra tímamarka.

3. gr.

Unninn ferskur fiskur er samkvæmt reglugerð þessari fiskur sem ekki hefur verið verkaður en einungis verið kældur til að lengja geymsluþol hans.

Með verkun er átt við aðgerð sem veldur efna- eða eðlisfræðilegri breytingu á fiskholdinu svo sem hitameðferð, frystingu, söltun eða þurrkun.

Fiskur telst vera frystur ef hitastig hans er -20°C eða lægra.

4. gr.

Óheimilt er að flytja eða geyma fisk eða fiskafurðir við þannig aðstæður að hitastig þeirra í geymslu sé á bilinu -1°C til -20°C .

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 53, 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 23. gr. laga nr. 53, 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða. Reglugerð þessi öðlast gildi 9. apríl 1990. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 109, 2. mars 1990.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. apríl 1990.

Haldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.